

# Íslenska vitafélagið

## Skýrsla stjórnar 2008 Starfsárið 2007-2008

Sumarið 2007 var fremur tíðindalítið hjá Íslenska vitafélaginu ef undan er skilinn undirbúningur að ráðstefnu sem ákveðið var að halda í byrjun október.

### Ráðstefna um ferðamál á Hótel Sögu

Ráðstefna var haldin í byrjun október. Til liðs við okkur fengum við Samtök Íslenskra sjóminjasafna, Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafnið, Ferðamálastofu, Ferðamálasamtök Íslands og Siglingastofnun. Reyndar tóku allir sem við leituðum til hugmyndinni fagnandi, nema Samtök ferðaþjónustunnar sem ekki hugnaðist þetta brólt. Skemmst er frá því að segja að ráðstefnan þótti takast prýðisvel. Hún var haldin á Hótel Sögu og hana sóttu um 120 manns. Auk íslenskra fyrirlesara var einn frá Noregi og annar frá Svíþjóð og tveir ráðherrar ávörpuðu ráðstefnugesti, þeir Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og Össur Skarphéðinsson, þá verðandi ráðherra ferðamála.

### Fræðslukvöld í Sjóminjasafninu

Eftir áramótin var haldið áfram með fræðslukvöldin í Sjóminjasafninu og náðist að halda fjögur fræðslukvöld. Ekki voru þau eins vel sótt og áður og trúlega er þar um að kenna miklum framkvæmdum í safninu sem urðu til þess að einhverjar tilfærslur voru á þessum kvöldum.

### Strandmenning viðurkennd

Hugarfarsbreyting er að verða meðal þjóðarinnar og orðið strandmenning er ekki lengur jafnframandi og áður. Til marks um áhuga á verkefnum sem tengjast hafi og strönd má nefna að nokkur strandmenningarverkefni fengu úthlutað úr svonefndum „mótvægisáðgerðasjóði“ ríkisstjórnarinnar. Það er vel.

### Strandmenningarhelgi

Á næsta leiti er sjómannadagurinn og hefur stjórn Íslenska vitafélagsins hafið undirbúning að því að koma á fót Íslenskri strandmenningarhelgi. Markmiðið er að efla sjómannadaginn sem því miður hefur lagst af á sumum stöðum, og búa til eina allsherjar strandmenningarveislu þessa fyrstu helgi júnímánaðar. Haft hefur verið samband við Sjómannasambandið, Félag vélstjóra og fl. og líst öllum mjög vel á hugmyndina. Grindvíkingar ríða á vaðið og halda þegar í ár sína strandmenningarhátíð sem og Patreksfirðingar og vonandi öðlast Sjómannadagurinn aftur þann sess sem honum ber í almanaki og hugskoti þjóðarinnar.

## **Upplýsingagjöf og fyrirspurnir**

Eins og undanfarið hefur stjórn Íslenska vitafélagsins borist fjöldi fyrirspurna um ólíkustu hluti sem viðkemur sjávarsíðunni, bæði frá Íslendingum og öðru hvoru detta fyrirspurnir erlendis frá inn á tölvuskjáinn sem reynt er að sinna. Aðallega eru það fyrirspurnir um gistingu í vitum, opnunartíma þeirra og svo frv.

Stjórn Íslenska vitafélagsins þakkar öllum þeim sem lagt hafa leið sína á fræðslukvöld félagsins og fyrirlesurum fyrir þeirra frábæra innlegg. Til gamans má geta þess að þeir hafa sumir hverjir nóg að gera á strandmenningarhelginni í Grindavík og á Patreksfirði.

Hugsanlegt er að fræðslukvöldin verði fleiri þegar hausta tekur í Reykjavík eða annars staðar á landinu.

Framundan er sumarið með gullnum tækifærum til stefnumóta við haf og strönd, tækifærum til atvinnu og ævintýra við nóttlausar strendur norðursins.

Sigurbjörg Árnadóttir  
formaður